

Allsherjarnefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 20. ágúst 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (pskj. 252, 149. mál).

Með bréfi 4. ágúst óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir því að landskjörstjórn veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum kosningar til sveitarstjórna þar sem lagt er til að tekið verði upp nýtt kerfi persónukjörs í sveitarstjórnarkosningum. Umsagnarbeiðnin var tekin fyrir á fundi landskjörstjórnar 18. ágúst 2009 og vill hún koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Landskjörstjórn tekur ekki afstöðu til þeirrar pólitísku spurningar hvort auka eigi vægi kjósenda við úthlutun sæta í sveitarstjórn (eða þingsæta við alþingiskosningar) til einstakra frambjóðenda. Þá telur landskjörstjórn það ekki samrýmast hlutverki sínu að taka afstöðu til ólíkra leiða til að auka persónukjör. Landskjörstjórn hefur hins vegar farið yfir frumvarpið með tilliti til kosningatæknilegra atriða. Að því leyti er frumvarpið vel ígrundað að mati landskjörstjórnar og ekki ástæða til að benda á nema örfá atriði.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á því fyrirkomulagi að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefjist áður en að framboðslistar liggja fyrir. Núgildandi tilhögun leiðir til þess að kjósendur geta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni án þess að vita hvaða listar bjóða sig fram og hvaða einstaklingar skipi þá. Í skýrslu ÖSE út af alþingiskosningunum 25. apríl 2009 kemur fram að utankjörfundaratkvæðagreiðsla ætti ekki að hefjast fyrr en framboð hafa verið staðfest af landskjörstjórn. Landskjörstjórn tekur undir þá afstöðu og telur að sérstakt tilefni sé til breytinga á þessu atriði í tengslum við aukið persónukjör.


Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er tekið fram að útstrikun á nafni hafi enga merkingu. Málsgreinin virðist þjóna þeim tilgangi að benda á að tillagan miðar að viðsnúningi á aðferð kjósendans til að hafa áhrif á röð frambjóðenda. Í stað þess að breyta listanum með neikvæðum hætti eins og útstrikun er honum ætlað að byggja listann upp. Það hefur hins vegar enga sérstaka lagalega þýðingu að taka fram í löggjöf að tiltekin aðgerð hafi enga merkingu lengur þó að eðlilegt sé að leggja ríka áherslu á það í greinargerð og við kynningu á breyttri framkvæmd. Ef vilji stendur til þess að þessi breyting endurspeglar í sjálfum lagatextanum vill landskjörstjórn benda á að ná megi hliðstæðum áhrifum með því að fella brott 3. mgr. en bæta við 4. mgr. setningu er getur hljóðað svo: „Setji kjósandi önnur merki við nöfn þeirra en 2. mgr. kveður á um, til dæmis striki yfir eitt eða fleiri nöfn, er atkvæðið gilt, enda séu ekki aðrir annmarkar á því, en horft skal fram hjá slíkum merkingum.“

LANDSKJÖRSTJÓRN

Þá vill landskjörstjórn benda á að í 3. tölul. 13. gr. frumvarpsins er rætt um tölu þingsæta þar sem átt er við tölu sæta í sveitarstjórn.

Að lokum vill landskjörstjórn áréttta þá afstöðu sína, sem fram kom í bréfi til allsherjarnefndar 9. júlí síðast liðinn, að fyrirkomulag kosninga hér á landi þarfnast heildarendurskoðunar.

F.h. landskjörstjórnar



Astráður Haraldsson
formaður.